

Könnun á viðhorfum kennara

Mars 2013, með samanburði við
mars 2012 þar sem við á.


Framkvæmd

- Könnun var lögð fyrir 19. – 21. mars 2013. Alls fengu 31 starfandi kennari og/eða stjórnandi slóð á könnun í tölvupósti. 25 svör bárust. Svarhlutfall var 81%.
- 24 starfsmenn svöruðu könnun í mars 2012.
- Könnunin í heild liggur útprentuð á kaffistofu.


1. hluti

ÁHERSLUR EFTIR BREYTINGAR 2011


Efnisyfirferð nemenda í áföngum mínum hefur minnkað




Mér hefur gengið vel að breyta aðferðum mínum við kennslu



Mér hefur gengið vel að laga skipulag áfanga minna að spönnum




Mér hefur gengið vel að laga skipulag áfanga minna að verkefnatímum




2. hluti

NÝIR STARFSHÆTTIR


Ég tel vinnuálag mitt hafa aukist vegna spanna




Ég tel vinnuálag mitt hafa aukist vegna verkefnatíma




Ég hef svigrúm til samþættingar námsgreina




Ég hef svigrúm til samstarfs við aðra kennara




Ég vil hverfa aftur til fyrri starfshátta




Ég vil halda áfram með spennir en leggja verkefnatíma niður



Ég vil halda áfram með verkefna tíma en leggja spennir niður




Ég vil halda áfram með spennir og verkefnatíma




3. hluti

ÁNÆGJA / ÓÁNÆGJA


Hversu ánægð/ur ertu með spannir




Hversu ánægð/ur ertu með hlutfall verkefnatíma




Hversu ánægð/ur ertu með fyrirkomulag verkefnatíma




Hversu ánægð/ur ertu með spannaskil




Hversu ánægð/ur ertu með hvernig skólanum hefur tekist að undirbúa kennarahópinn fyrir spannir og verkefnatíma




Hversu ánægð/ur ertu með fyrirkomulag mánudagsfunda kennara




Hversu ánægð/ur ertu með árangur mánudagsfunda kennara



Hversu ánægð/ur ertu með umsjónartíma nemenda á mánudögum




Hversu ánægð/ur ertu með gæði náms við ME



4. hluti


NEMENDUR

Ég tel að nýir starfshættir muni verða(2012) / séu (2013) nemendum til hagsbóta



Umsjónartímar virka fyrir nemendur eins og til var ætlast


2013



5. hluti

AGASTJÓRN


Agavandamál eru mér streituvaldur




6. hluti

VINNUÁLAG


Ég hef of mikið að gera




Ég lýk vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma (u.þ.b. 44 klst á viku m.v. fullt starf)




Starfið býður upp á sveigjanlegan vinnutíma




Ég veit nákvæmlega til hvers er ætlast af mér



Ég get stjórnað því hvað ég hef mikið að gera




Ég get haft áhrif á ákvarðanir sem miklu skipta í starfi mínu




6. hluti

STARFSANDI OG SAMSKIPTI Á VINNUSTAÐNUM


er hvetjandi og styðjandi




er afslappaður og þægilegur




er stífur og reglufastur




einkennist af samheldni og jákvæðni




einkennist af sundurlyndi og hópaskiptingu




Mér finnst ég tilheyra starfsmannahópnum




Ég er ánægður með að tilheyra starfsmannahópnum




Mér finnst starfsmannahópurinn laginn við að leysa ágreining



Mér finnst starfsmenn á vinnustaðnum hvattir til að koma með tillögur til úrbóta




Ég hef tekið eftir óþægilegum ágreiningi á vinnustaðnum



7. hluti

STREITA


Ég upplifi streitu vegna starfsins




8. hluti

HVAÐ VELDUR ÁLAGI?

Eftirfarandi þættir valda mér álagi




Eftirfarandi þættir valda mér álagi




9. hluti

LÍÐAN OG STARFSÁNÆGJA


Ég hef hugsað mér að vinna áfram við kennslu




Ég kvíði því að mæta í vinnuna




Vinnan veitir mér gleði




Streita í vinnunni hefur áhrif á líf mitt utan vinnunnar




Mér líður vel í starfsmannahópnum



Mér þykir ME góður vinnustaður




Ég hef aðila innan skólans sem ég leita til vegna samskiptaörðugleika við samstarfsfólk



11. hluti

FRAMHALD TILRAUNAVERKEFNIS

Ert þú hlynntur því að tilraunaverkefni með spannir og verkefnatíma verði framlengt um tvö ár?



Ef „já“, hverjar eru ástæður fyrir því?

- Það tekur alltaf tíma að gera breytingar og það sem hjálpar breytingunum er tími, o.þ.a.l. hægt að læra af mistökum og gera betur næst en ef það er hætt núna þá er ekki hægt að læra af mistökum og þá er svo erfitt að sætta sig við hvort eða hvað fór úrskeiðis. Því hér er þróunarvinna og við erum að þróa nýja kennsluhætti og vinnubrögð og það tekur tíma að innleiða það.
- Þetta er tilraunaverkefni sem mér finnst vert að þróa áfram, það eru margir kostir en auðvitað gallar líka sem við þurfum að vinna betur í að leysa úr. Það þarf hinsvegar að halda betur utan um þróunarstarfið, auka stuðning við kennara og umbuna þeim, auka námskeiðshald, upplýsingaflæði o.fl.
- Sjá niðurstöður umræðuhópa um spannir og verkefnatíma

frh.

- Búið að taka þess ákvörðun fyrir löngu. tímabært að opinbera það fyrir starfsfólki og fá það til að ganga í takt og vera ánægt og stolt með þennan kúrs...Reyndar ekki alveg einfalt mál
- Aðalega að ég nenni ekki að breyta öllu til baka, breytingar eru erfiðar. Mér finst að þorri nemenda hagnist á þessu kerfi þó það eigi kannski ekki við um all.
- Ekki komin nægilega skýr mynd á þetta kerfi ennþá.
- Tel verkefnatíma í takt við nýja námskrá og það sem bíður nemendanna í háskólum og atvinnulífi. Spannir eru útfærsluatriði sem henta mér ágætlega, ef þær henta nemendum ættu þær að halda sér.
- Tvær ástæður: Mér sýnist breytingarnar vera til bóta fyrir nemendur og því ástæða til að halda áfram. Tvö ár er stuttur tími og því ekki fullreynt - þess vegna er eðlilegt að lengja reynslutímam um tvö ár.
- þarf lengri tíma til að fá betri reynslu
- Verkefninu er ekki lokið, sníða þarf af vankanta sem í ljós hafa komið.

frh.

- Til að sjá hvernig 1. árs nemar, sem ekki eru uppaldir í kerfinu koma út og til að kennarar fái aukinn tíma til að aðlaga sig að kerfinu með breytingum á námstilhögun.
- Þarf amk tvö ár í viðbót til að slípa kerfið til og enn lengri tíma til að festa breytigarnar í sessi. Rök fyrir því að leggja kerfið niður eru sundurleit og ósannfærandi.
- Ég held að vandamálið í stofnuninni sé ekki skipulag kennslunnar, heldur skortur á samheldni, uppbyggilegum samskiptum og stuðningi. Það hefur alveg gleymst að hlúa að kennurum á þessum álagstímum. Kennarar verða að finna að framlag þeirra er mikils metið. Það skortir algerlega og ég tel ástæðuna vera skortur á hæfni skólameistara til samskipta við starfsmenn sína.
- tel ekki fullreynt með þetta og að kennarar þurfi hjálp við að gera þetta betur en nú er.

Ef „nei“, hverjar eru ástæður fyrir því?

- Gengur ekki upp miðað við núverandi lengd skólaárs. Of mikið álag á kennara og þá nemendur sem vilja sinna náminu vel.
- Of mikið álag á kennara og nemendur, kerfið er ekki að virka sem skyldi og nauðsynlegt að skoða þá punkta sem lagðir voru fyrir áður en byrjað var á þessu tilraunarverkefni. Tel að það sem lagt var upp með hafi ekki skilað sér inn í kerfið t.d. samþætting milli faga, möguleiki á ferðum og fleira. Tel það mjög mikilvægt að fá að hitta nemendahópinn í faginu oftar þ.e. binda verkefnatíma. Veikindi og leyfi falla ekki vel að þessu kerfi og er eins og að einn dagur í þessu kerfi jafnist á við viku í því gamla. Mánudagar nýtast ekki nemendum vel og umsjónartíminn ekki heldur. Ég væri til í að sjá framhald á spönnum með bundnum verkefnatímum og að við nálgumst þau markmið sem lögð voru til við upphaf tilraunaverkefnisins.

frh.

- of mikið álag á kennara, dregur úr starfsgleði þeirra. of mikið álag á nemendur, þeir hafa ekki mjög gaman af náminu sínu hérna.
- Of mikið vinnuálag. Ef nemendur veikjast (eða kennarar) þá missa allir of mikið úr. Erfitt kerfi fyrir nemendur sem minna mega sín eða eru ekki sterkir á svellinu.
- Tel þetta hafa komið illa út. Nemendur kvarta yfir hraða og álagi þegar efni er þjappað á svona stuttan tíma. Meðtaka ekki námsefnið eins og þegar þau hafa lengri tíma.
- Of lítill tími á spönnum og spannaraskilum. Of mikið álag á kennara.
- skiptir máli hvað mér finnst? sé ekki tilgang með því að svara þessu

Telur þú að uppfylla þurfi skilyrði til að halda þróunarverkefni áfram, og hver eru þau?

- skoða lið 14.
- Já. Því er ekki að neita að einhver óánægja ríkir meðal kennara varðandi þetta tiltekna þróunarverkefni. Það þarf að fara eftir faglegum og viðurkenndum leiðum þegar þróunarverkefni eru unnin. Það þarf að mæta óánægju kennara með skilningi og vinna verkefnið í sem mestri og bestri sátt við þá. Það þarf að hlúa að líðan kennara, finna skipulegar leiðir til að viðhalda eða auka starfsánægju og það þarf að efla starfsandann á vinnustaðnum.
- Minnka kennsluskyldu, fækka í námshópum ef þessu þróunarverkefni verður haldið áfram. Almennt þarf meiri samheldni, skýrari markmið, styrkari stjórn, lýðræði, stuðning, jákvæðni ... og því er ekki til að dreifa í þessu "þróunarverkefni".
- Við þurfum að geta sett skýr markmið sem eru raunhæf og auðvelt að mæla. Markmiðin þurfa að vera bæði nemendum og kennurum til hagsbóta, allir þurfa að geta unnið saman í þessu kerfi.

frh.

- Já þau markmið sem sett voru í upphafi og ef hnökrar koma upp að leysa þá áður en haldið er áfram, betri verkefnastjórnun, þ.e. í öllum þeim atriðum sem snúa að þessu tilraunaverkefni hvort sem það sé námskrávinna, áfangalýsingar, námskeið um námsmat o.s.frv. til þess þarf að auka svigrúm kennara í upphafi tilraunaverkefisins og á meðan á því stendur t.d. að kenna minna í fullu starfi til að hafa meiri tíma til að þróa breytta kennsluhætti og t.d. samþættingu milli faga.
- Það þarf að þjappa hópnum betur saman og reyna að auka ánægju á vinnustaðnum. Það er t.d. hægt að gera með betri launum, hrósi, hvatningu og fl.
- Breyta fysisku útliti í takt við nýja tíma..ss Bæta aðstöðu í verkefnastofum.. Flytja bókasafn..minni rými fyrir minni verkefnahópa
- Já, auka launaflokkurinn haldist. Haldið verði áfram að þróa og bæta kerfið Unnið að því að minnka álag, hvernig svo sem það er hægt. Starfsmenn hafðir meira með í ráðum.

frh.

- Áður en hafist er handa á þróunarverkefni þarf að hafa skýr markmið og fylgja þeim eftir. Það var ekki gert hér. Allar breytingar þurfa að gerast í sátt við starfsmennina, hafa þarf starfsfókið með sér og það er ekki gert með skipunum að ofan.
- Að nemendur og kennarar séu almennt ánægðir í þessu kerfi enn sem komið er. Bera saman einkunnir milli kerfa.
- Mikill utanaðkomandi stuðningur. Tölvunámskeið á staðnum og loturnám í námsmats- og kennsluaðferðum.
- Eðlilegt að birta áætlun yfir þróunarverkefnið, hvert stefnum við. Algjört skilyrði að starfsfólki sé sýndur skilningur ef því gengur illa að fóta sig í nýju kerfi og það fái stuðning, mjög brýnt og þarft svo mannauðurinn hverfi ekki hvort sem hann segir upp eða brennur upp. Erfitt að finna hvað samstarfsfólkinu líður illa, maður hálskammast sín fyrir að segja upphátt að manni líki við kerfið, eins og maður sé að svíkja kollega sína eða vilji að þeim líði illa. Námskeið, viðtöl, sálfræðiaðstoð, hópefli, að kunna að vera ósammála... Hér er ábyrgðin stjórnenda, þeir verða að eiga fyrstu skrefin og svo verðum við öll að taka þátt og sýna ábyrgð. Það er alvarlegt mál og niðurdrepani fyrir alla ef fólki líður illa í starfi. Það hefur mikil áhrif á starfsandann og líðan okkar hinna.

frh.

- Það lítur út fyrir að þetta sé ákvörðun eins manns og það virðist ekki leggjast vel í starfsmenn. Það hefði þurft að beita meiri lagni við ákvarðantökuna og leita eftir sem breiðastri samstöðu starfsmannahópsins. Skólameistari ber hins vegar stærstu ábyrgðina á skólastarfinu og því er ákvörðun um áframhaldið líklegast ekki háð beinum skilyrðum um samstöðu starfsmanna.
- Já að almenn ánægja ríki varðandi fyrirkomulagið, hjá nemendum, kennurum, foreldrum, kannski að kannanir sýni amk 60% ánægða og mjög ánægða
- Halda þarf launaprepum og bæta fremur í.
- Hafa vægi verkefnatíma ca 25% á móti 75% bundinna tíma.
- 1. Styðja við starfsþróun kennara (námskeið/ráðgjöf) með markvissum hætti. 2. Afgerandi ánægja nemenda með spannrir og verkefnatíma 3. Ná samstöðu meðal kennara um það er sem þarf að endurbæta/þróa varðandi spannrir og verkefnatíma.
- Gott væri ef hægt væri að framlengja álagsþrep stofnanasamnings á meðan tilraun er framhaldið.

Atriði sem þarfnast umbóta

- Nauðsynlegt er að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar og gera allt til að léttja álagi á kennurum, auka starfsánægju og bæta starfsandann.
- Til að draga úr álagi mætti veita kennsluafslátt og fækka í námshópum. Einnig væri hægt að hafa kennslu fjarnema inn í stöðuhlutfalli í greinum sem margir kennarar kenna. 11 kennarar nefna agavandamál sem streituvald, þar er auðvelt að bregðast við með því að styðja við bakið á kennurum. Ljóst þarf að vera hver bregst við slíkum málum og gengur með kennaranum í að leysa þau. Verkefnayfirferð veldur álagi. Kennarar gætu lært hver af öðrum hvernig þeir léttja álaginu þar. Margir kennarar telja þörf á námskeiði til að samræma starfið nýjum starfsháttum. Hægt væri að hafa lotunám í kennsluháttum og námsmati.

Atriði sem þarfnast umbóta

- Endurskoða þarf skipulag spannskila. Einnig að gera mánudagsfundi markvissari og þannig að kennarar hafi áhrif á starf sitt og ákvarðanatöku. Vikulegan fundartíma mætti stundum taka undir samþættingu og samstarf kennara þar sem þeir eru hlyntir slíku en hafa ekki tíma.
- Gera þarf einhvern ábyrgan fyrir móttöku nýrra kennara og skilgreina hlutverk/starf þess aðila.
- Meirihluti kennara hefur engan til að leita til v/samskiptaörðugleika við samstarfsfólk, 60% þeirra telja sig ekki fá stuðning/hjálp skólameistara við verkefni og samskipti við skólameistara valda 75% þeirra álagi. Skólameistari þarf að efla samskiptahæfni sína og sýna kennurum að þeir eigi stuðning hans vísan.

Atriði sem þarfnast umbóta

- Hægt væri að bjóða upp á námskeið í tímastjórnun, agastjórnun, námsmati, samskiptum, að leysa ágreiningsmál.
- Ekki er hægt að draga fjöður yfir áhrif og mikilvægi stjórnenda varðandi starfsanda og starfsánægju starfsmanna. Mikilvægt er að þeir geri sér grein fyrir sínu hlutverki þar að lútandi og séu hvetjandi, styðjandi og leiðandi og í tengslum við starfsfólkið. Finna þarf skipulegar leiðir til að efla starfsanda og viðhalda og auka starfsánægju. Byggja þarf upp góð samskipti.

Atriði sem þarfnast umbóta

- Margt í niðurstöðunum tengist minnkandi starfsánægju því starfsmaður sem telur sig ekki hafa áhrif til ákvarðanatöku, getur ekki leitað til yfirmanna, er óöruggur um starf sitt, á í neikvæðum samskiptum við yfirmenn og annað þess háttar er ólíklegur til að vera ánægður í starfi. Nauðsynlegt er að vinna með starfsfólkinu og virkja það til að gera góða hluti enn betur
- Alvarlegt er að 6 kennarar kvíði því að mæta í vinnuna. Þeir þurfa að fá aðstoð.
- Starfsmannasamtöl eru góð leið til að finna líðan starfsfólksins, ræða starfsumhverfið, viðhorf og væntingar, styrkleika og veikleika, markmið og starfsþróun. Þar má ræða það sem vel gengur og það sem betur má fara.